

# Sandkorn

Árshátíðarblað Grunnskólans í  
Sandgerði 2017



**Vöxtur—virðing—vilji—vinátta**



## Í blaðinu:

Vorferð 9. bekkjar...	Bls. 6
Fyrrum kennari...	Bls. 8
Viðtal við frægan...	Bls. 10
Fyrrum nemandi...	Bls. 11
Öskudagur...	Bls. 12
Ég man...	Bls. 13
Hvað veistu um vin þinn...	Bls. 14
Framtíðarspá...	Bls. 15
Hvað veistu um vin þinn...	Bls. 17
Hver segir hvað...	Bls. 18
Nemendaráð...	Bls. 21
Hvað veistu um vin þinn...	Bls. 22



**Framúrskarandi  
fyrirtæki**

**Hluti nemendaráðs Grunnskólans í Sandgerði annaðist útgáfu blaðsins.**

**Ester Grétarsdóttir 7. KÓÁ**

**Irma Rún Blöndal 7. ÓÞÓ**

**Ólafur Fannar Þórhallsson 8. RLG**

**Sóldís Kara Vela Grétudóttir 8. RLG**

**Birta Líf Ólafsdóttir 9. ÖÆH**

**Daniela Harðardóttir 9. ÖÆH**

**Skúli Guðmundsson 9. ÖÆH**

**Gunnlaug María Óskarsdóttir 10. BB**

**Hilmir Freyr Brynjarsson 10. BB**

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir



**Forsíðumynd: Elín Yngvadóttir**



# Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stíflupjónusta

-Hitamyndavél



[pipulogn@pipulogn.is](mailto:pipulogn@pipulogn.is)

[pipulogn.is](http://pipulogn.is)



Bolafæti 1 · 260 Reykjanesbær  
Sími 420 0400 · [gebilar@gebilar.is](mailto:gebilar@gebilar.is)

## VORFERÐ 9. BB



Sunnudagsmorguninn 29. maí lagði 9. bekkur (núna 10. bekkur) snemma af stað frá Sandgerði. Rútuferðin var mjög fín og enginn ældi sem er alltaf plús. Það var eitt sjoppustopp í Reykjavík en svo lá leiðin í Hveragerði. Þar var okkur skipt í lið og farið í margskonar leikjaprautir. Það var mjög gaman. Ég er stolt að segja frá því að mitt lið vann. Síðasta sem við gerðum í Hveragerði var að fá okkur að borða á veitingastað sem heitir Hoflandssetrið, sem var gott því við vorum byrjuð að væla um hvað við vorum svöng.

Eftir matinn fórum við til Sólhesta, sem er hestaleiga. Þar var okkur kennt hvernig við ættum að sitja á hesti, hvernig á að láta hann hlaupa o.s.frv. Svo fórum við í útreiðartúr með leiðsögn sem var mjög gaman, þótt það væri þreytandi að sitja á hestinum mjög lengi. Eftir hestaferðina keyrðum við stutta leið í litbolta. Litboltinn var geðveikt skemmtilegur. Við fórum í nokkra leiki af litbolta áður en við fórum í rútna og fengum okkur snúða sem við vorum búin að panta í bakaríi og drukkum svala. Eftir þennan spennandi dag fórum við á Hjarðarból, staðinn sem við fengum að gista á. Okkur var skipt í herbergi áður en við borðuðum lasagna í kvöldmat. Eftir mat fengum við að hafa smá rólegt og nokkrir tóku sénsinn á að fara í heitapottinn sem var þarna.

Næsta dag fengum við okkur morgunmat á Hjarðarbóli áður en við fórum áleiðis að Seljalandsfossi. Þegar við komum þangað var okkur sagt að taka ferðamannamyndir, sem í öðrum orðum er að taka túristamyndir. Við gerðum það eins vel og við gátum þótt

sumir vissu ekki hvað túristamyndir voru. Áður en við fórum fengu einn eða tveir strákar þá gáfulegu hugmynd að hoppa ofan í lækinn sem rann frá fossinum svo það þurfti að skaffa þeim ný fót úr ferðatöskunum þeirra.



Svo var farið til Landeyjarhafnar því Bylgja fékk þá glæsilegu hugmynd að fara til Vestmannaeyja sem var hræðilegt fyrir einhvern eins og mig, í öðrum orðum eitthver sem deyr úr sjóveiki á þeirri stundu sem hann stígur í bát. Þegar við komum loksins til Vestmannaeyja var tekið á móti okkur og gengið með okkur að félagsmiðstöðinni Rauðagerði sem var staðurinn sem við fengum að gista á næstu nætur. Eftir það fórum við í ratleik á Stakkó. Það voru bara skemmtilegir leikir, eins og pokahopp með mörgum manneskjum í einum poka.

Eftir það fórum við á veitingastaðinn Vöruhúsið og fengum okkur þar að borða. Í enda dagsins fóru næstum allir í sund þar sem við uppgötvuðum að Bylgja hafði heljar stóra marbletti eftir litboltann. Frítíminn byrjaði og sumir notuðu þennan tíma til að skoða Vestmannaeyjar betur en aðrir letihaugar eins og ég fóru upp í félagsmiðstöð til að hafa smá kósý. Við fengum meir að segja tölvuna hennar Hönnu Siggú til að spila Reddit 50/50. Svo þegar allir voru komnir upp í félagsmiðstöðina voru allir spjallandi langt fram á nótt áður en að allir sofnuðu.

Á þriðja degi gengum við að fjallinu Eldfell eftir að búið var að vekja okkur og morgunmaturinn hafði klárast. Þar klifum við fjallið og þótt að útsýnið væri flott fannst flestum okkar að þetta væri ekki það besta til að gera þegar maður er nývaknaður. Eftir göngutúrinn mikla fórum við í Eldheima Pompey norðursins, sem var lítið safn um það sem fundið var eftir eldgoði mikla.

Eftir það fórum við á Canton sem er kínverskur veitingastaður sem við þurftum að finna. Svo var smá frjálstími áður en stelpurnar fóru í rútuferð um Vestmannaeyjar meðan strákarnir fóru á Segway, svo var skipt og stelpurnar fóru á Segway og strákarnir fengu gleðina að fara í rútuferð. Segway-ið var mjög skemmtilegt og við keyrðum út um alla bryggju ( þótt við ættum bara að vera á sérstöku svæði en hvað um það ). Eftir glæsilega segway keyrslu fengum við mat á Tanganum, sem er veitingastaður við bryggjuna. Þegar maturinn var búinn fórum við í Ribsafari, sem er ferð með hröðum bát um eyjuna.

Í safaríinu var stoppað oft til að benda á náttúruna og fuglana, sem var fínt fyrir flesta, en fyrir mig sem verð sjóveik við það bara að horfa á báta var þetta var algjört helvíti. Eftir langan tíma að reyna að æla ekki þá var ég sigruð og ældi ofan í sjóinn. Þegar ég kom í land var það eina sem ég sagði „aldrei aftur“. Eftir bátaferðina var frjálstími ( sem ég þakkaði Guð fyrir ) sem var notið í botn og svo var ekkert annað á dagskrá þangað til við fórum að sofa. Fjórða og seinasta daginn var ekki það mikið gert.

Eftir morgunmat var farið í sund en eftir það var frjáls tími þangað til að við hittumst í félagsmiðstöðinni til að borða pizzu. Eftir pizzupartyið var okkur skutlað í Herjólf sem sigldi með okkur til Landeyjarhafnar. Eftir þessa ótrúlega skemmtilegu ferð var okkur ekið heim með rútu. Það var eitt stopp á Selfossi en svo var farið beinustu leið heim.

Allt í allt var þetta mjög skemmtileg ferð.

Salka Lind R.





# Elsku krúttsprenghjurnar mínar

Ég trúi því varla að nú sé komið að því að þið eruð að útskrifast úr Grunnskólanum í Sandgerði. Það voru algjör forréttindi að fá kenna ykkur í 4 ár á yndislega miðstigi. Það að kenna ykkur þegar þið viljið ekkert meira en að vera allra mestu töffararnir en komist ekkert áfram í þeirri uppreisn ykkar því knús frá kennaranum skiptir ennþá svo miklu máli .



Ég man þegar við hættum samkenndu og ég ásamt Fríðu Birnu tók ykkur öll 29 að mér í 6. bekk. Það sem mér þótti þá skipta mestu máli var að þið mynduð standa saman sem ein heild og að bekkjarbragurinn væri sá allra besti. Við vorum svo sannarlega keppnisbekkur og var markmiðið alltaf að vinna öll lestrarátök, Lionsmót og bara allt sem hægt var að vinna, markmiðið var líka alltaf að vera með flottasta atriðið á jólaskekkjunum og árshátíðum. Ég man hvað allir kennarar voru tilbúnir að hoppa inn í forföll í bekknum, þar sem ykkur var hrósað sífellt fyrir að vera svo ótrúlega skemmtileg, kraftmikil og metnaðarfull sem þið svo sannarlega voruð.

Reykjaferðin með ykkur er mér svo kær. Þið voruð þá eins og alltaf lang besti skólinn. Atriðið sem þið sýndu var auðvitað það allra besta og lifir nú góðu lífi á youtube 😊. Upplifun mín og Fríðu Birnu var að við tókum með okkur börn á Reyki og komum heim með unglinga. Nokkrir drengir fengu þarna fyrsta kossinn sinn og skrifuðu meira segja ástarbréf sem voru svo flott að mig langaði helst að taka þau með og meta þau sem ritunarverkefni. Þá sagði ég ykkur auðvitað magnaða draugasögu sem lifði góðu lífi nokkur ár eftir ferðina. Nemendur spurðu mig nú síðast út í það hvort ég myndi ekki alveg örugglega segja draugasöguna sem ég sagði 10. bekk. Þá gleymi ég því aldrei þegar eitt ykkar gekk að kokkinum á Reykjum og spurði manninn hvort hann vildi byrja með mér, sá nemandi hafði miklar áhyggjur af makaleysi mínu.

---

Ég er nokkuð viss um að ég eigi eftir að kenna með einhverjum ykkar í framtíðinni, því nokkuð mörg ykkar hafið mikla stjórnendahæfileika 😊. Það er orka sem fylgir ykkur og ég vona að þið nýtið hana til fulls í því sem þið takið ykkur fyrir hendur á nýjum slóðum. Þið eruð fjölbreyttur hópur sem er sterkur saman og vona ég að þið eigið eftir að halda sambandi í ókominni framtíð.

Ég er ofsalega stolt af ykkur og verð alveg örugglega ferlega meyr á skólaslitunum þegar ég kveð ykkur.

Ykkar fyrrverandi umsjónarkennari

Fríða



Eftifarandi fyrirtæki styrktu útgáfu blaðsins:

**K & G ehf**

**Seacrest Iceland**

**Hár, snyrti og nuddstofan Zpes**

**Hópferðir Sævars**



# Snapchat stjarnan

Fullt nafn og aldur? Nökkvi Fjalar

Orrason, 22 ára gamall

Í hvaða grunnskóla varst þú?

Klébergsskóla á Kjalarnesi

Hvert var upphaldsfagid þitt í

grunnskóla? Íþróttir

Fórstu í nám eftir grunnskólann? Fór í

Versló



Hvað ertu að læra/við hvað vinnur þú? Ég er eigandi Áttunnar

Af hverju byrjaðir þú að snappa? Við stofnuðum Áttuna fyrir þrem árum síðan og byrjuðum að snappa

Hver er upphalds snapparinn þinn? Egill Ploder

Hvað er áttan með marga followers á snap chat? 25.000 fylgjendur

Eru Orri og Sonja saman? hahah nei sem betur fer ekki. Bara vinir.

Skilaboð til grunnskólanemenda í Sandgerði? Maður á alltaf að vera maður sjálfur og vera góður við alla í kringum sig!



*Áttan*

# LÍFIÐ EFTIR GRUNNSKÓLA

Ég heiti Kristín Fjóra Theódórsdóttir. Ég er 16 að verða 17 ára og er á annari önninni minni á raunvísindabraut í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en ég er einnig fyrrum nemandi við Grunnskólann í Sandgerði.



Ég elskaði að alast upp í svona litlu bæjarfélagi og í svona litlum skóla þar sem allir þekkja alla. Að mæta í skólann og þekkja alla krakkana sem eru með þér í bekk og þekkja alla kennarana eins og þeir væru frænka manns og frændi gefur manni eins konar öryggi, sérstaklega í svona litlum skóla. Ég tók ekki sérstaklega eftir því fyrr en að ég útskrifaðist úr grunnskóla hversu gott við höfðum það.

Kennararnir vita hvernig námsmaður þú ert, hvernig þú vinnur, hvað þú þarft, hvernig persónuleika þú hefur o.s.frv. Það að geta haft einhvern annan til að hjálpa þér með það og snúa náminu þínu í kringum það er ómetanlegt.

Að fara úr 12 manna bekk og undir 300 nemanda skóla yfir í 1000 nemanda skóla og þurfa að vera í tímum með fólki sem þú þekkir ekki neitt er eins og að vera hent beint úr barnapottinum í djúpulaugina.

Að þekkja ekki lengur alla kennarana né nemendurnar tók þetta öryggi sem ég hafði ekki einu sinni þælt í og þvingaði mig til að feta mig hálf blindandi áfram í nýju óþekktu umhverfi. Já, við höfðum fengið fullt af fyrirlestrum um hvernig framhaldskólinn myndi verða frá nokkrum kennurum, nefni engin nöfn en ég held að það sé öruggt að segja að einn dönskukennari var nokkuð virkur í því, en það er ekkert sem mun búa þig undir hversu mikil breyting þetta virkilega er.

Í byrjun var þetta allt nýtt og öðruvísi og þínu yfirþyrmandi og satt að segja smá scary að þurfa demba sér í þetta nám við þessar óþekktu aðstæður en þótt þetta var þínu óhugnalegt var þetta líka ótrúlega spennandi.

Það er mjög auðvelt að láta þennan ótta við það nýja og óþekhta taka yfir þig en ef þú þorir að stíga svoldið útúr þessari öryggisbúbbli mun það vera það besta sem þú gerir því að það besta við framhaldsskólareynslu mína hingad til er allt það nýja, bæði það góða og það slæma.

Það er svo spennandi að kynnast nýju fólki, nýrri tegund af félagslífi, nýju námi, nýjum kennsluáferðum, nýju umhverfi og bara öllu nýju.

Eins æðislegur og grunnskólinn er þá er það að stíga út í óvissuna sem lífið er og prófa nýja hluti það besta sem ég hef nokkurn tímann gert.





# Öskudagur í Sandgerðisskóla





## Ég man þegar . . .

- ◇ ég kenndi ykkur fyrst í forföllum þá voru þið í 6. FS, mörg, krúttleg og fróðleiksfús, nú eruð þið mörg, unglingar og enn fróðleiksfúsari.
- ◇ þegar þið áttuð erfitt með að ákveða árshátíðaratriðið ykkar í 9. bekk og tókuð kennarakynningu þ.e. tónlist kennara á sviðinu, ég var mjög stolt af ykkur þá.
- ◇ þið fóruð í jógatíma og það gat ekki nokkur nemandi legið kyrr. En þið lærðuð smátt og smátt að njóta tímana.
- ◇ þið genguð **öll** upp Eldfellið í Vestmannaeyjum, það var mikið afrek og einstök tilfinning að vera þar með ykkur öllum í einu.



- ◇ þið hélduð óvænta afmælisveislu fyrir mig, ég kom inn í stofuna og mín beið afmælistaka og tónlist. Þá fékk ég sand í augun.
- ◇ við fórum til Reykjavíkur á skólaþing, skólaheimsóknir og að skoða starfsemi RÚV og hittum Sölku Sól, hvað þið voruð okkur til sóma.
- ◇ hvað ég var stolt af ykkur þegar þið þögðuð öll í nokkrar mínútur þegar við vorum á þingpöllum og horfðum á alþingismenn að störfum.
- ◇ þið ákváðum með stuttum fyrirvara að vera fangar á öskudaginn og það tókst vel með góðri hjálp frá okkar frábæru Hönnu Siggu.
- ◇ þegar við sönnuðum það enn og aftur að æfingin skapar meistarann og sprengdum lestrarhraða GS og unnum lestrarátakið.



Kæru nemendur: þið eruð skemmtilegur- og kröfuharður hópur og ég á eftir að sakna ykkar mikið. Hafið í huga að maður getur gert allt sem maður ætlar sér, það þarf einungis að setja sér markmið og muna að nota einkunnarorðin **GÆS** eða ég get, ég ætla, ég skal.

## Hvað veistu um vin þinn?

### Helgi Rúnar um Elfar Mána

Stjórnumerki– Krabbi  
Afmælisdagur– 5. júlí  
Upphaldsmatur– Mc Donalds  
Upphaldslitur– Blár  
Draumaprinsessa– Enginn  
Mest böggandi– Veit ekki  
Upphaldssöngvari– Aron Can, Emmsje Gauti  
Upphaldsfag– íþróttir  
Upphaldssjónvarpsáttur– Hawai 5.0  
Upphaldskennari– Kolla

### Elfar Máni

Stjórnumerki– Krabbi  
Afmælisdagur– 5. júlí  
Upphaldsmatur– Mc Donalds  
Upphaldslitur– Svartur  
Draumaprinsessa– Veit ekki  
Mest böggandi– Veit ekki  
Upphaldssöngvari– Aron Can  
Upphaldsfag– íþróttir  
Upphaldssjónvarpsáttur– Hawai 5.0  
Upphaldskennari– Kolla

### Elfar Máni um Helga Rúnar

Stjórnumerki– Krabbi  
Afmælisdagur– 18. júlí  
Upphaldsmatur– pizza  
Upphaldslitur– Veit ekki  
Draumaprinsessa– Veit ekki  
Mest böggandi– Kitl  
Upphaldssöngvari– Veit ekki  
Upphaldsfag– íþróttir  
Upphaldssjónvarpsáttur– Hawai 5.0  
Upphaldskennari– Veit ekki

### Helgi Rúnar

Stjórnumerki– Krabbi  
Afmælisdagur– 18. júlí  
Upphaldsmatur– KFC og franskar á Mc Donalds  
Upphaldslitur– Blár  
Draumaprinsessa– Engin  
Mest böggandi– Ekkert  
Upphaldssöngvari– Aron Can og Emmsje Gauti  
Upphaldsfag– íþróttir  
Upphaldssjónvarpsáttur– Hawai 5.0  
Upphaldskennari– Óli og Kolla



## SKÓLAHREYSTI



Grunnskólinn í Sandgerði sendi lið í Skólahreysti keppnina. Liðið stóðusig vel og endaði í 8. sæti af 17 liðum. Riðillinn á Suðurnesjum er talinn sá sterkasti á landinu! Frábær árangur. Til hamingju Benjamín Smári, Bjarki Snær, Daníel Aagaard, Birta Líf, Viktoría Ósk og María Rós!

**Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Rögggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarángangi skólans:**



**Benjamín Smári** fer í framhaldsskóla og klárar vélvirkjann efstur í bekknum. Hann opnar bílaverkstæði sem meikar mikið money. Hann eignast sex börn með Maríu Ashley og þau flytja í sveit. Þau eiga þar fullt af dýrum m.a.innandyra grís og nashyrning. Þau verða dæmigerð bændafjölskylda.

**Bjarki Snær** fer og lærir bifvélavirkjun en eftir skólann fer hann í heimsreiðu. Hann ferðast mikið og gerir fullt af crazy hlutum eins og t.d. fallhlífastökk. Á ferðalaginu hittir hann ástina í lífi sínu og þau setjast að á Spáni, þau eignast tvö börn saman sem þau ofdekra í kaf.

**Björn Ellert** útskrifast sem kokkur frá MK og fær strax vinnu á Hard Rock. Seinna verður hann svo yfirkokkur á Bessastöðum þar sem hann fær vel borgað og losnar við að borga skatt. Hann spilar mikið fótbolta og tölvuleiki í frítíma sínum. Hann eignast konu og eitt barn. Á efri árum tekur hann svo yfir þáttinn Master Chef á Food Network.

**Daniel Arnar** fer í FS og útskrifast þaðan með hæstu einkunn af Meme braut. Hann stofnar Meme fyrirtæki en græðir ekki mikið á því. Hann flytur þá til Hollands þar sem hann iðkar Taekwondo og tekur þátt í fullt af mótum. Svo flytur hann aftur til Íslands. Hann vinnur gull á HM og silfur á Ólympíuleikunum 2024. Hann kynnist konunni sinni í Hollandi, eignast þrjú börn með henni og þau setjast að á Íslandi.

**Elísabet Helga** útskrifast af sjúkraliðabraut í FS og fer þaðan í hjúkrunarfræði í Háskólanum. Hún stundar hjólreiðar alla ævi og sigrar Tour de France fjórum sinnum. Á milli hjólreiðakeppna starfar hún með Rauða Krossinum við hjálparstörf út um allan heim. Hún kynnist manni sínum á öllum ferðalögum sínum. Þau eignast fjögur börn saman sem vinna öll í heilbrigðisgeiranum og stunda hjólreiðar eins og þau.

**Elísabet Ýr** útskrifast út FS sem íþróttakennari og verður svo forríkur fitnessþjálfari í Ameríku. Hún mun búa á hestabúgarði rétt fyrir utan Texas þar á hún fimm uppáhalds hesta sem heita Snákur, Kátur, Fákur, Lákur og Mátur. Hún keppir einnig á HM í fimleikum þar sem hún rétt missir af verðlaunasæti. Hún eignast mann frá Texas og á með honum þrjú börn þar af eina tvíbura. Hún verður alla ævi í góðu sambandi við systur sína Lovísu og fara þær í mörg ferðalög um heiminn.

**Garðar Freyr** fer í FS á viðskiptabraut og klárar stúdentspróf þaðan en skráir sig svo í heimspeki í Háskólanum. Hann kemur með nýjung á markaðinn eftir útskrift úr Háskólanum og opnar heimspekibakarí sem verður mjög vinsælt. Fólk kemur þar í hrönnum til þess að fá gott að borða og svör við leyndardómum lífsins. Hann eignast rauðhærða konu og þau eignast fimm krúttleg börn saman.

**Gísli Már** útskrifast sem viðskiptafræðingur og verður geðveikt ríkur buisness maður. Auk þess verður hann atvinnumaður í pool og verður heimspekkur á Bretlandi. Hann stofnar svo sitt eigið pool fyrirtæki sem gerir hann ennþá ríkari. Hann er einhleypur á meðan hann setur allan sinn tíma í fyrirtækið en kynnist svo breskri draumadís og á með henni fjögur börn, tvö af hvoru kyni.

**Gunnlaug María** fer í FB og útskrifast sem cute snyrtifræðingur. Hún lærir einnig leikhúsförðun og er uppgvötuð í þjóðleikhúsinu. Hún fær mega buks atvinnutilboð og fer að vinna í kvikmyndabrasanum þar sem hún verður ógeðslega rík og kaupir sér hús í Beverly Hills. Hún giftist guðdómlega fallegum manni og þau eignast brjálæðislega cute börn.

**Hanna Valdís** fer í skóla hjá Eskimo-models í Reykjavík og er svo uppgötvað á tískusýningu í Hörpunni. Henni er boðið að taka þátt í Americas Next Top Model sem hún svo sigrar og fær vinnu hjá Victoria Secret. Hún verður heimsfræg ofurfyrirsæta. Hún giftist mjög hávöxnum manni heitir Ísak og eignast með honum sex börn.

**Hilmir Freyr** lærir viðskiptafræði og húsasmíði í framhaldsskóla. Hann stundar körfubolta með náminu og landar samningi í háskóla í USA þar sem hann slær í gegn. Þegar hann leggur skóna á hilluna og kemur heim til Íslands og setur á stofn fasteignafyrirtæki sem meikar multi money. Hann kynnist konunni sinni í USA og eiga þau saman tvö börn.

**Íris Una** fer í framhaldsskóla en verður fljótlega að breyta því í fjarnám því hún kemst á fótboltasamning í Kína. Hún þarf þí að taka sér tveggja ára frí til að eiga fimmbura sem hún eignast með draumaprinsinum. Hún kemur sér aftur í form eftir barnsburðinn og spilar með kvennaliði Barcelona í mörg ár þar sem hún fer á kostum.

**Jóhanna Matthea** tekur upp gamla sundtakta í framhaldsskóla og keppir fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í sundi. Hún flytur strax til Afríku eftir framhaldsskóla, tekur að sér rekstur á athvarfi fyrir ljón. Hún verður ástfangin af samstarfsmanni sínum þar og eignast eitt barn. Eftir nokkur ár í Afríku flytur hún til Hollywood ásamt fjölskyldunni og gerist dansari hjá Júlíusi.

**Júlíus Viggó** útskrifast úr MR með hæstu einkunn og flytur svo til L.A. Þar fer hann í leiklistarskóla og útskrifast með hæstu einkunn í leik og söng. Hann verður virtur söngleikjaleikari í Hollywood. Hann flytur svo til Íslands á efri árum þar sem hann stofnar spjallþátt á Stöð 2. Hann kynnist eiginkonu sinni í L.A. þau eignast þrjú börn saman og eiga fullt af peningum og eignum.

**Katla María** klárar framhaldsskóla og fer út til Ítalíu á fótboltasamning og vegnar vel. Hún á samt við meiðsl að stríða sem gera það að verkum að hún leggur skóna á hilluna og gerist þjálfari íslenska kvennalandsliðsins. Hún leiðir þær til sigurs á HM árið 2024. Á efri árum fær hún svo brennandi áhuga á ballett og dansar í Svanavatninu á Broadway.

**Kristinn Svanur** fer í leiklistarskólann í Reykjaík þar sem hann fer á kostum sem grínleikari. Hann verður næsti Laddi Íslands, þekktasta og ástsælasta grínpersónan hans er í anda trúðsins í Simpson. Hann kynnist draumadísinni sinni í leiklistaskólanum, þau eignast 4 börn og lifa hamingjusöm til æviloka.

**Kristjana Oddný** útskrifast af náttúrufræðibraut úr FS og gerist svo dýralæknir á Íslandi. Svo fær hún starf í New York sem þekktur dýrahvísari og verður þekkt um allan heim. Hún flytur aftur heim til Íslands á efri árum þar sem hún stofnar dýrahvísaraskóla. Hún kynnist draumaprinsinum í New York og eignast þrenna tvíbura með honum sem flytja öll með henni heim til Íslands.

**Lovísa Rut** klárar menntaskólann með stæl. Fer svo í frægan snyrtiskóla í L.A. Þaðan fær hún svo vinnu í Hollywood sem fördunarfræðingur og vinnur við að farða frægustu stjórnurnar þar. Hún kynnist draumaprinsinum í gegnum George Clooney, giftist honum og eignast með honum fjögur börn samt enga tvíbura.

**Maciej** fer í framhaldsskóla en flytur svo til Danmerkur eftir námið. Hann fer þar í virtan háskóla og útskrifast þaðan sem stærðfræðisjóni. Hann fer svo til Póllands og kennir stærðfræði þar. Það sem enginn veit um hann að hann er mikill töframaður on the side og þekktur í barnaafmælisheiminum sem töframaðurinn Maciej Magick. Hann kynnist konunni sinni í einu af þessum barnaafmælum og eignast með henni 3 börn. Þau verða öll stærðfræðisnillingar.

**Magnús Ægir** fer í tónlistarnám og eftir útskrift stofnar hann emo-hljómsveit. Hann býr með núverandi kærustu sinni Ragnhildi, hjá mömmu sinni og pabba á meðan hljómsveitin er að koma sér á framfæri. Svo slær hljómsveitin í gegn í Evrópu, þau fara on the road og eignast 10 börn. Að lokum setjast þau að í glæsivillu og lifa í vellystingum.

**Marísól Árný** verður þekkt söngkona og ferðast út um allan heim. Hún á tjaldsvagn sem hún tekur með sér hvert sem er, hann breytist líka í bát og hún getur siglt honum um höfin blá. Hun á cute hund sem hún kallar Sveppa. Hún kynnist eiginmanninum á ferðalögum sínum þau eignast fullt af börnum og ferðast saman um heiminn.



**Salka Lind** vinnur við módel störf á meðan hún klárar framhaldsskóla, fer svo í Listaháskóla Íslands þar sem hún útskrifast með hæstu einkunn í myndlist og fatahönnun. Hún fer til Thailands þar sem hún setur á stofn fatahönnunarfyritæki og hönnun hennar verður þekkt út um allan heim. Hún græðir rosalega á því og verður rosalega rík en gefur mikinn pening til góðgerðamála. Hún giftist og eignast sjö börn sem öll verða rithöfundar.

**Sigríður Nanna** fer í framhaldsskóla og útskrifast þaðan af náttúrufræðibraut. Hún fer svo í hjúkrunarfræði í Háskólanum á og fer út til Afríku á vegum Rauða krossins að hjálpa börnum í vanda. Hún er þar í 5 ár fer svo þaðan til New York og verður uppgvötuð þar sem listamaður, hún gerir feitan samning við virt listagallerí þar og græðir á tá og fingri. Hún giftist manni frá Afríku, eignast með honum 9 börn og verður algjör súpermamma.

**Thomas Þór** verður stór og glæsilegur maður og kemst á samning sem fatafyrirsæta. Hann útskrifast af íþróttabraut úr FS, spilar fótbolta með náminu og gerir svo góða hluti að hann endar á samning í Bretlandi. Þar kynnist hann fallegu konunni sinni sem er sæljónatemjari. Þau lifa hamingjusöm til æviloka með tveimur tvíburapörum sínum og flottum gullfiski.

**Vilmundur Árni** fer í listaháskólann og útskrifast sem fatahönnuður. Hann hagnar sína eigin fatalínu hér á Íslandi sem kallast Villiklaw clothing. Hún slær í gegn og hann fer með hana til New York, þar fer hann í samstarf með Jordan vörulínunni. Villi starfar sem DJ um helgar í klúbbum í USA, þar verður hann uppgötvaður sem tónlistarmaður og gefur út plötu með Drake and the Weekend. Han kynnist konu sinni í DJ vinnunni og eignast með henni hóp af litlum DJ-um. Þau búa í 500 fm. húsi með sundlaug og öllu. Þau hafa það meganæs.



## Hvað veistu um vin þinn?

### Sóldís Kara um Sunnu Líf

Stjörnumerki– Steingeit  
Afmælisdagur– 9. janúar  
Upphaldsmatur– Pizza  
Upphaldslitur– Svartur  
Draumaprinsinn– Min Yoonagi  
Mest böggandi– Aukahljóð  
Upphaldssöngvari– K pop  
Upphaldsfag– Myndmennt  
Upphaldssjónvarpsþáttur– Bts exo got 7  
Upphaldskennari– Fríða

5 rétt

### Elfar Máni

Stjörnumerki– Steingeit  
Afmælisdagur– 9. janúar  
Upphaldsmatur– Pizza  
Upphaldslitur– Svartur  
Draumaprinsinn– Suka  
Mest böggandi– Þegar fólk hlustar ekki  
Upphaldssöngvari– B+s  
Upphaldsfag– myndmennt  
Upphaldssjónvarpsþáttur– Criminal minds  
Upphaldskennari– Vilborg

### Sunna Líf um Sóldísi Köru

Stjörnumerki– Sporðdrekki  
Afmælisdagur– 26. október  
Upphaldsmatur– pizza  
Upphaldslitur– Svartur  
Draumaprinsinn– Sehun  
Mest böggandi– Þegar fólk dæmir hana  
Upphaldssöngvari– B+s  
Upphaldsfag– myndmennt  
Upphaldssjónvarpsþáttur– Hawai Five O  
Upphaldskennari– Vilborg

5 rétt

### Sóldís Kara

Stjörnumerki– Sporðdrekki  
Afmælisdagur– 26. október  
Upphaldsmatur– pizza  
Upphaldslitur– Svartur  
Draumaprinsinn– Jeon Jung kok  
Mest böggandi– Aukahljóð  
Upphaldssöngvari– K pop  
Upphaldsfag– Myndmennt  
Upphaldssjónvarpsþáttur– Bts exo got 7  
Upphaldskennari– Fríða

# Hver segir hvað?



**Benni viltu koma að hjóla á eftir?**



**Hey strákar eigum við að fara í göngutúr?**



**Þú ert svo mikil trukkalessa.**



**Ertu heimskur?**



**Jesús.**



**Æ, þú stóttu fattar?**

**Afsakið, má ég spyrja þig að einu?**



**Þjarki geturðu googlað það?**



**USS, krakkar hafið hljóð.**



**HA?**



**Já, er það!?**





**Koddu í mig.**



**Skuh.**



**Chicken nuggets.**



**Ég er smalest boy.**



**Á ég að segja þér eitt . . . æ ekkert.**



**Meme.**



**Hvaðeretta.**



**Neidjók.**



**Hvað  
meinarðu  
?**

**FRASARNIR  
Í 10. BB**

# Hver segir hvað?



**Hvaaað!?**



**Æææíris.**



**Ég kemst ekki  
ég er að fara í  
Grindavík.**



**\*Hlátur\***



**Veit það ekki**



**Góðan daginn.**





## Nemendaráðspistill

Hvað er nemendaráð? Hverjir skipa nemendaráði? Hvaða hlutverki gegnir nemendaráðið? Hvað var á döfinni?

Nemendaráðið er ráð innan skólans sem nemendur skipa. Hlutverk nemendaráðs er að gæta hagsmuna nemenda og gera félagslífið skemmtilegra.

Í nemendaráði skólaárið 2016—2017 sitja Björn Ellert, Gunnlaug María, Hilmir Freyr, Daniela Dögg, Birta Líf, Skúli, Óli Fannar, Styrmir, Sóldís Kara, Irma Rún, Ester og Krístrún Erla.

Nemendaráð skipulagði t.d.

- ◇ stórskemmtilega skíðaferð, þar sem stór hluti 7.—10. bekkinga fóru og áttu góðan dag saman.
- ◇ Íþróttastund þar sem nemendur 7. – 10. bekkja hittust í lok skóladags og kepptu í höfðinga.
- ◇ Stóðu fyrir hönnunarkeppni á merki fyrir skólapeysur.
- ◇ Sáu um pöntun á skólapeysum.

Að lokum hvetjum við alla að taka virkan þátt í félagslífi skólans og munum að þetta er skólinn okkar og sýnum virðingu.

Þökkum fyrir geðveikt ár  
Nemendaráð

10.BB



### Vissir þú að....

- **Júlíus Viggó 10. BB lenti í 3. sæti söngkeppni Samfés 2017?**
- **Daníel Arnar 10. BB var íþróttamaður Sandgerðis 2016?**
- **Íris Una og Katla María 10. BBERu í 17 ára landsliði kvenna í knattspyrnu?**



Bolafæti 1 · 260 Reykjanesbær  
Sími 420 0400 · gebilar@gebilar.is

## Hvað veistu um vin þinn?

### Ásthildur Ósk um Þórunni

Stjórnumerki- Ljón  
Afmælisdagur- 11. ágúst  
Upphaldsmatur- Lasanga  
Upphaldslitur- Vínrauður  
Draumaprinsinn- Thomas  
Mest böggandi- Ásthildur  
Upphaldssöngvari- Friðrik Dór  
Upphaldsfag- íslenska  
Upphaldssjónvarpsáttur- The OC  
Upphaldskennari- Örn Ævar

8 rétt

### Þórunn

Stjórnumerki- Ljón  
Afmælisdagur- 11. ágúst  
Upphaldsmatur- Lasanga  
Upphaldslitur- Vínrauður  
Draumaprinsinn- Thomas  
Mest böggandi- Ásthildur  
Upphaldssöngvari- Justin Bieber  
Upphaldsfag- íslenska  
Upphaldssjónvarpsáttur- The OC  
Upphaldskennari- Örn Ævar

### Þórunn um Ásthildi Ósk

Stjórnumerki- Naut  
Afmælisdagur- 12. febrúar  
Upphaldsmatur- pizza  
Upphaldslitur- Svartur  
Draumaprinsinn- Gísli  
Mest böggandi- Þegar hún getur ekki horft á Shameless  
Upphaldssöngvari- Friðrik Dór  
Upphaldsfag- Enska  
Upphaldssjónvarpsáttur- Shameless  
Upphaldskennari- Fríða

4 rétt

### Ásthildur Ósk

Stjórnumerki- Vatnsberi  
Afmælisdagur- 12. febrúar  
Upphaldsmatur- Pasta  
Upphaldslitur- Svartur  
Draumaprinsinn- Ethan Dolan  
Mest böggandi- Þórunn  
Upphaldssöngvari- Justin Bieber  
Upphaldsfag- Samfélagsfræði  
Upphaldssjónvarpsáttur- Shameless  
Upphaldskennari- Fríða



**Af öllum vinunum sem voru spurðir þá var það Ásthildur sem að þekkir Þórunni best :)**

Hafnargötu 8  
245 Sandgerði  
Sími 422-2400



**Fiskmarkaður Suðurnesja**



## Hvað veistu um vin þinn?

### Bjarki um Benna

Stjörnumerki– Hrútur  
Afmælisdagur– 27. apríl  
Uppáhaldsmatur– Palsa  
Uppáhaldslitur– Rauður  
Draumaprinsessa– María  
Mest böggandi– Þegar María er pirrandi  
Uppáhalds söngvari– Emmsjé Gauti  
Uppáhalds fag– Íþróttir  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur– Sönn ísl. sakamál  
Uppáhalds kennari– Hólmar

### Benni

Stjörnumerki– Naut  
Afmælisdagur– 29. apríl  
Uppáhaldsmatur– Hamborgari  
Uppáhaldslitur– Blár  
Draumaprinsessa– María  
Mest böggandi– Litli fændi, hundarnir hans Bjarka  
Uppáhalds söngvari– Aron Can  
Uppáhalds fag– Öll verkleg  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur– Satt og logið  
Uppáhalds kennari– Amma Tóta

1 rétt

### Benni um Bjarka

Stjörnumerki– Krabbi  
Afmælisdagur– 21. júlí  
Uppáhaldsmatur– Hann étur allt  
Uppáhaldslitur– Rauður  
Draumaprinsessa– Perla Sól  
Mest böggandi– Frændi og bróðir hans  
Uppáhalds söngvari– Páll Óskar  
Uppáhalds fag– Íþróttir  
Uppáhalds sjónvarpsþáttur– The Originals  
Uppáhalds kennari– Bylgja

### Bjarki

Stjörnumerki– Ljón  
Afmælisdagur– 27. júlí  
Uppáhaldsmatur– Snitsel  
Uppáhaldslitur– Ljós blár  
Draumaprinsessa– Megan Fox  
Mest böggandi– Þegar Benni fattar ekki eitthvað  
Uppáhaldssöngvari– Hopsin  
Uppáhaldsfag– Íþróttir  
Uppáhaldssjónvarpsþáttur– The Originals  
Uppáhaldskennari– Hólmar Örn

2 rétt



# SANDGERÐISBÆR

**Varðan - Miðnestorgi 3**

**245 Sandgerði**

**Sími 420 7500**

**Opnunartímar skrifstofu:**

**Mánudaga til föstudaga f**

**rá kl. 09:30 til kl. 15:00**

**Netfang:**

**[sandgerdi@sandgerdi.is](mailto:sandgerdi@sandgerdi.is) Veffang:**

**[www.sandgerdi.is](http://www.sandgerdi.is)**